

**4. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,  
haldinn í fundaraðstöðu að Garðarsbraut 5 á Húsavík, 30. september 2008, kl.15:00.

Mættir: Formaður, Björn Ingimarsson setti fund og stjórnaði honum, Sigurgeir Höskuldsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Pétur Snæbjörnsson og Guðmundur Guðmundsson.

Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson sem ritaði fundargerð.

#### **1. Staðfesting fundargerðar síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

#### **2. Rekstraryfirlit / staða pr. 30.08.2008**

Framkvæmdastjóri dreifði rekstraryfirlit, greinargerð um verkefniin fór yfir stöðu einstakra verkefna og bar saman við áætlun..

#### **3. Staða verkefna**

Sjá lið 2.

#### **4. Málefni Vaxtarsamnings Norðausturlands (VNA)**

Staða VNA var kynnt með rekstraryfirliti. Áhugi er fyrir að auka hlutfall nýrra verkefna í framlögum VNA. Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði að mestu helgaður VNA og tengdum málefnum.

#### **5. Samstarf AP og Nýsköpunarmiðstöð Íslands á grundvelli tillagna Norðausturnefndar**

Formaður gerði grein fyrir fundi með fulltrúum NMÍ. Framkvæmdastjóri hefur í samstarfi við starfsfólk Impru unnið að tillögugerð um fyrirkomulag þessa samstarfs. Þessir aðilar eru samstíga um að tvö ný stöðugildi NMÍ verði annars vegar sérfræðingur á sviði orkumála (helst varmaorku) og hins vegar starfsmaður með hagfræði/viðskipta bakgrunn sem nýttist þá í stuðning við starfandi fyrirtæki og frumkvöðla. Aðilar eru einnig sammála um að verkefni um heilsutengdri ferðaþjónustu verði vistað innan AP eins og gert er ráð fyrir í tillögum Norðausturnefndar. Huga þarf að húsnæðismálum en gert er ráð fyrir að aðilarnir verði í nánú samstarfi, helst í sama húsnæði. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að halda áfram með málið gagnvart iðnaðarráðuneyti.

#### **6. Stefnunótun**

Lögð var fram stefnunótun sem gerð var hjá AP 2005. Endurskoða þarf þessa stefnunótun með tilliti til breytts rekstrarumhverfis og í framhaldinu gera aðgerðaráætlun. Áður en sú vinna hefst þurfa forsendur að liggja fyrir (Kísilgúrsjóður, VNA, og samstarf við NMÍ).

#### **7. Ákvörðun um næsta fund (tími og staðsetning)**

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í fundaraðstöðu AP að Garðarsbraut 5 á Húsavík, kl.10:00, miðvikudaginn 15.október 2008.

#### **8. Birting fundargerða stjórnar**

Formaður leggur til að fundargerðir verði framvegis birtar á vefsíðu félagsins og var það samþykkt.

#### **9. Önnur mál**

- Framkvæmdastjóri greindi frá hvernig stöðu Kísilgúrsjóðs er háttað hjá ríkinu.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samráðsfundi Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna 15. október nk.
- Framkvæmdastjóri kynnti umsóknir á vegum félagsins til fjárlaganefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30